

# Styrkjakerfi landbúnaðar í ESB

Common Agricultural Policy (CAP).

ESB ver árlega um 55 milljörðum Evra (7.000 milljarða ISK) í til styrktar landbúnaði í sambandinu, eða um 42% af útgjöldum sínum.

**Þessir styrkir fara í framleiðslu á:**

Korn	300	Milljónir tonna
Mjólk	150	„
Fræolíum	30	„
Ávöxtum	23	„
Svínakjöt	20	„
Sykur	18	„
Fuglakjöt	13	„
Nautakjöt	7	„
Egg	7	„
Vín	170	Milljónir Hektólítra
Ólífuo líur	2	Milljónir tonna
Annað	1	„

**ESB segist veita þessa styrki vegna:**

1. Tekjur bænda hafa fallið vegna aukinnar heimsframleiðslu matvæla, tækninýjunga og nýrra aðila inná markaði.
2. Verð til bænda sveiflast mjög mikið vegna tilfallandi áfalla, svo sem vegna veðurs og sjúkdóma.
3. Bændur og ræktendur hafa misst vægi til stórmarkaðskeðja sem hafa beitt **einokunarstöðu** sinni til að ná niður verði til bænda.

Litið er á það sem sérstakt tilfelli að yfirvöld styðji bændur, því matvæli er nauðsynjavara og það er efnahagslegt markmið ríkisstjórna um allan heim að tryggja matvælaöryggi landa sinna. Landbúnaðarstefna ESB er skref til að skapa fæðuöryggi Evrópu.

Styrkjakerfi ESB í landbúnaði var og er byggt á því að halda verði stöðugu á mikilvægustu afurðavörum. Ef vara fer niður fyrir tiltekin viðmiðunarverð vegna offramleiðslu og sveiflna á markaði, grípur kerfið inni og kaupir umframframleiðslu, setur í geymslur eða flutt út til að jafna framboð og eftirspurn innan ESB. Kerfið tók á sig kostnað við geymslu framleiðslunnar og ef hún er seld á lægra verði á alþjóðamarkaði, greiddi kerfið framleiðendum mismuninn á viðmiðunarverðinu innan ESB og útflutningsverðinu sem ávallt er lægra.

Styrkjakerfi ESB hefur gengið í gegnum nokkrar aðferðir frá upphafi til að styrkja landbúnaðinn. Hefur horfið frá framleiðslustyrkjum til framleiðandastyrkja. Útflutningsstyrkir hafa minnkað 10 faldlega,

aðallega vegna gagnrýni annarra framleiðsluþjóða sem liðu fyrir samkeppni við niðurgreiddar vörur frá ESB. Nýja styrkjakerfið gerir ráð fyrir beinum greiðslum til bænda og framleiðenda, markaðsstyrkja og fjárfestingastyrkja til sömu aðila.

### ESB útflytjandi matvæla:

Stefnan að hverfa frá framleiðslustyrkjum til framleiðandastyrkja í formi beingreiðslna markaðs og fjárfestingarstyrkja gerir það að verkum að niðurgreiðslur framleiðsluvara verða ekki eins sýnilegar í samkeppninni og áður. Vefsíðan „farmsubsidy.org“ tók saman hvað 10 stærstu styrkþegar kerfisins fengu á nokkurra ára tímabili í formi beinna greiðslustyrkja, markaðs- og fjárfestingastyrkja fram til 2009:

	Framleiðandi	Styrkir samtals	Tímabil
1	Friesland Campina Hollandi	€ 1,605,926,904	Frá 1997
2	Arla Foods Danmörk	€ 951,731,484	Frá 2000
3	Tate & Lyle Bretland	€ 827,979,239	Frá 1999
4	Avebe Hollland	€ 589.534,206	Frá 1997
5	Danisco Danmörk	€ 484,863,255	Frá 2000
6	Hoogwegt Hollland	€ 356,925,537	Frá 1997
7	Danish Crown Danmörk	€ 292,629,690	Frá 2000
8	Eridania Sadam Ítalíu	€ 225,357,110	Frá 2002
9	Nestlé Bretland	€ 196,777,997	Frá 1999
10	Saint Louis Sucre Frakkland	€ 196,464,108	Frá 2004

Allir þessir styrkþegar eru stórir útflytjendur matvæla með mikla markaðsdreifingu um allan heim. Fyrir utan að vera með mikil verksmiðjubú og verksmiðjuframleiðslu sem njóta styrkja, eru þessi fyrirtæki útflytjendur og dreifingaraðilar með ítök í stórmarkaðskeðjum um allan heim. Allt kerfi þeirra nýtur niðurgreidds fóðurs og hrávöru til framleiðsluvara þeirra.

Framleiðendur, miðlarar og smásalar njóta allir framboðs af ódýru innlendu hráefni sem verður til við offramleiðslu og uppkaup kerfisins og beingreiðslna korns og búfénaðar. Beingreiðslur sem nú er megin þáttur styrkjakerfisins verkar eins og margniðurgreiðsla fyrir útflytjendur landbúnaðarvara og kemur í raun í stað útflutningsstyrkja og gerir þeim kleyft að selja undir kostnaðarverði. Annar aðili sem nýtur góðs af þessum brenglaða kerfi er birgjar framleiðsluiðnaðarins, sérstaklega framleiðendur áburðar og skordýraeiturefna. Stöðugt greiðslustreymi Beingreiðslukerfisins gerir verksmiðjubúum kleyft að stækka og auka framleiðsluna en þarf samhliða á aukinni áburðar- skordýraeiturefna, sem og sýklalyfjum að halda.

ESB er leiðandi í heiminum í verslun með landbúnaðarvörur og er stærsti útflytjandi á unnum matvörum, annar stærsti útflytjandi með svína og mjólkurafurðir og þriðji stærsti útflytjandi kjúklingaafurða og hveitis. Margar þessara framleiðsluafurða njóta góðs af styrkjakerfis ESB í landbúnaði (CAP) til bænda og matvælaframleiðenda.

ESB hefur tryggt sér í viðskiptasamningum við önnur ríki aðgang fyrir þessar niðurgreiddu vörur, en í sömu samningum eru ákvæði um bann við að niðurgreiðslu vara sem fluttar eru inn til ESB. Til að vernda ESB bændur og framleiðendur frá alþjóðasamkeppni, hefur sambandið samhliða komið á tollakerfi landbúnaðarvara frá löndum utan ESB til að tryggja það að þær séu að minnsta kosti á ekki lægra en niðurgreitt verð sömu vörur innan ESB.

### **Regluverk styrkjakerfis landbúnaðar í ESB (CAP)**

Regluverk framkvæmdastjórnarinnar um hið Sameinaða Markaðsskipulag (CMO) gerir ráð fyrir að efla fyrirkomulag markaðsstuðnings vegna offramleiðslu og útflutning. Inngrip með kaupum verður áfram til staðar á hveiti, korni, hrísgrjónum, nautaafurðum, smjöri, mjólkurdufti. Til viðbótar þessum vöruhegundum er langur listi afurða sem hægt er að veita geymslustyrki til. Það sem verra er, - kerfið viðheldur einnig möguleikanum á útflutningsstyrkjum á kornvörum, hrísgrjónum, sykri, mjólkurafurðum, nauta og kjúklingaafurðum og unnum vörum þessara afurða. Í grein 133 í CMO segir “til að auðvelda útflutning sem byggir á magni (kvóta) og verðum á heimsmarkaði (...), getur mismunurinn á á magni og verðum innan sambandsins verða bættur með útflutningsstyrkjum“ orðalag eins og “veita ákveðna styrki og endurgreiðslu” þegar „þegar þörf er á að koma í veg fyrir truflanir“ á innri markaði, er algengur texti þar.

Markaðsívlanir, beingreiðslur og útflutningsstyrkir eru mismiklir eftir vörum í styrkjakerfinu. Mjólk og nautgripaafurðir njóta mest stuðnings, en kjúklinga og svínarækt njóta minni stuðnings, þeir gearar

njóta engra beingreiðslna og lítilla geymslustykja, en njóta niðurgreidds fóðurs, (fóður er um 70% framleiðslukostnaðar) og útflutnings- og fjárfestingastykja. Miklir fjárfestingarstyrkir hafa farið í endurnýjun á stórum verksmiðjubúum í þessum greinum.

Landbúnaðarsérfræðingurinn Jaques Berthelot hefur tekið saman styrki og niðurgreiðslur landbúnaðarstyrkjakerfisins til útflutnings nauta-,svína, kjúklinga og mjólkurafurða. Útreikningar hans taka til markaðsstuðnings, beingreiðslna, útflutningsendurgreiðslna, og niðurgreidds fóðurs. Á árunum 2006-2008, nam útflutningsverðmæti ESB á þessum afurðum 12.8 milljörðum evra á ári en styrkir til þeirra 4.3 milljarða evra á ári (sjá töflu) Niðurgreiðsla nam því 33.9 % af söluverðmæti þeirra. Beinir útflutningsstyrkir voru litlir á pappírnum, þ.e. 14% af heildar styrkjum til þessarar framleiðslu. Tölur Berthelots sýna mikla offramleiðslu dýraafurða í ESB, rúm 10% fuglakjöts, 15 % mjólkurafurða og 18 % svínaafurða ESB enda á heimsmarkaði.

ESB-15	Útflutningur Ár 2006-2008				
	Framleiðsla	Útflutningur Pr.ár	Hlutdeild %	Niðurgreiðslur Millj. EUR	Hlutfall %
Mjólkurafurðir	40.610	6.249	15,39	2.004	<b>32,07</b>
Nautgripaafurðir	25.699	591	2,30	346	<b>58,55</b>
Svínakjötsafurðir	25.735	4.709	18,30	1.430	<b>30,37</b>
Fuglaafurðir	12279	1.291	10,51	571	<b>44,23</b>
Samtals	104.323	12.840	12,31	4351	<b>33,89</b>

Heimild: Jacques Berthelot, Solidarité 2011

Útflutningur ESB á þessu niðurgreiddu kjötafurðum heimsmarkaði og hefur valdið verulegum truflunum á heimsmarkaði, sérstaklega komið niður á innlendri framleiðslu í löndum utan ESB og við sjáum á verði þessara vara hér á Íslandi.

**Frjálst land. Sigurbjörn Svavarsson tók saman.**

[www.frjalstland.is](http://www.frjalstland.is)